



Brunabótavirðingar

---

Lýsingabók Nr. 6 Freyjugata - Grundarland

***Tekið af vef Borgarskjalasafnsins***

---

**[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)**

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LÝSINGABÓK NR. 6

FREYJUGATA

-

GRUNDARLAND

24231

Gata og númer:

Freyjugata 1.

Möt framkvæmd: (10/8/1946.) 25/9/1961.	Metið kr.
<p>Ibúðar- og verzlunarhús, þrílyft, með risi, úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Stigar og 3 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm ýmist úr venjulegri steinsteypu, eða hlaðin úr vikri og allt er húsið múrhuðað innan og málað. Í neðstu hæðinni eru 3 sölubúðir og 3 herbergi þar innan af, miðstöðvarherbergi, 2 v.s., gangur og stigagangur. Í 2. og 3. hæð, hvorri fyrir sig eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/v.s., 2 anddyri, stigagangur og fastir skápar. Í risi eru 7 íbúðarherbergi, klædd innan með trétexi, með álímdum veggjapappír, anddyri, gangur, v.s., þvotta-herbergi og þurrkherbergi, múrhuðuð og hvítuð innan og geymslur.</p> <p>Stærð: Meðall. 11.4 m. br. 9.5 m. h. 8.6 m. ris 3.4 m.</p> <p>" viðbyggingar: Meðall. 6.9 m. br. 8.5 m. h. 8.6 m. ris 3.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>506.700.-</p>
<p><u>Virt 25/9/1961.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati, 10/8 1946, en óskast endurmetið vegna hækkandi verðlags.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.4 m., br. 9.5 m., h. 8.6 m., ris 3.4 m.</p> <p>" 6.9 " " 8.5 " " 8.6 " " 3.4 " = 1.719.59 m<sup>3</sup>. ..</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.</p>	<p>2.235.700.-</p>

Gata og númer:

Freyjugata 3.

Möt framkvæmd: (2/1/1942.) (28/1/1947.) 15/1/1958.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Allir skilveggir eru úr steinsteypu og loft og gólf úr járnþentri steinsteypu. Á aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er 2" grind með tjörupappa, listum og plögðum þiljum þar innan á, lögðum striga og pappír. Steinsteypuskilveggir og loft að neðan eru kalksléttuð. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. Leirflísar eru á gólfum anddyris og v.s. sömuleiðis undir og á veggjum þak við eldavél í eldhúsinu. Á þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi og gangur. Þar eru skilveggir úr binding, með tvöföldum þiljum. Allt lagt striga og pappír, veggfóðrað og málað. Á efsta bitalagi er gólf, þar uppi er þurkloft.	
Stærð: L. 8.2 m. br. 8.5 m. h. 4.5 m. ris 3.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	52.810.-
b. Viðbygging er við norðurhlíð aðal hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er þvottaherbergi, geymslunarbergi og gangur. Allt er húsið sementsléttuð utan og innan. Steinsteypugólf er í því.	
Stærð: L. 3.6 m. br. 3.2 m. h. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	3.130.-
Samtals	55.940.-
<hr/>	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 2/1/1942.	
A. Íbúðarhús: L. 8.2 m. br. 8.5 m. h. 4.5 m. ris 3.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	125.300.-
B. Geymsluhús: L. 4.0 m. br. 3.2 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	5.100.-
Samtals	130.400.-
<hr/>	
15. janúar 1958.	
Frá síðasta mati 28/1. 1947 hafa eftirtaldar endurbætur verið gerðar á húsinu.	
1. hæð hefur verið máluð, kork og dúkar sett á gólf. Ný eldhúsinnrétting. Flísar settar í baðherbergi. Hitalögn endurnýjuð. Í útbyggingu hefur verið settur eldtraustur skápur. m/innréttingu og nýir skápar í kring. Hurðir eru bólstraðar.	
Í þakhæð hefur eitt herbergi verið fóðrað hljóðeinangrun og hurð bólstruð, kork á gólfi. Þar er og baðherbergi m/kerlaug og flísum á veggjum.	
Hanabjálkaloft hefur verið innréttað, sem skjalageymsla með hillum.	
Stærð hússins:	
A: L. 8.2 m., br. 8.5 m., h. 4.5 m., ris 3.3 m. = 425.17 m <sup>3</sup>	, Kr. 374.200.-
B: L. 4.0 m., br. 3.2 m., h. 2.5 m., flatt þak. = 32.00 m <sup>3</sup>	Kr. 19.200.-
Húsið með tilheyrandi er metið á .....	Alls kr. 393.400.-

Gata og númer:

Freyjugata 3a.

Möt framkvæmd: (7/10/1922.) 28/2/1953. 21/12/1963.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr hlöðnum, steinlímdum, holusteini, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er 1 íbúðarherbergi, eiddhús, geymsluklefi, fastur skápur og gangur. Allt biljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>3.390.-</p>
<p><u>Virt 28/2/1953.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 7. október 1922, en hefir fengið miklar umbætur innanhúss.</p> <p>Ibúðarhús: L 6.9 br. 3.8 h. 2.8 skápak = 73.42 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>39.600.00</u></p>
<p><u>Virt : 21/12/1963.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 28/2/1953, er húsið óbreytt að stærðum, en hefur verið endurbætt nokkuð. Veggir hafa verið einangraðir og er allt veggfóðrað og málað. Tvöfalt gler er komið í allt húsið. Timburgólf er í húsinu og hefur það verið endurnýjað og settur nýr dúkur. Viðgerð hefur farið fram á þaki og settar nýjar rennur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 6.9 m., br. 3.8 m., h. 2.8 m., ris fl. = 73.42 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr. 114.000.-</p>

Gata og númer:

Freyjugata 3b.

Möt framkvæmd: 11/6/1925. 7/1 1971.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr holstein, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Skilveggir eru ýmist úr steini eða binding með tvöföldum þiljum. Þiljur eru og neðan á loftbitum. Allt lagt striga og pappir og ýmist veggfóðrað eða málað.</p>	
<p>Stærð: L. 9.5 m. br. 3.8 m. h. 2.9 m. skáþak.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	5.686.-
<p>b. Geymsluskúr er við húsið, úr steinsteypu á 3 vegu, en úr binding á 1 hlið og með járnþaki á borðasúð. Þar er geymsluklefi og v.s.</p>	
<p>Stærð: L. 3.1 m. br. 1.4 m. h. 2.4 m. skáþak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	251.-
<p style="text-align: right;">Santals</p>	5.937.-
<p>=====</p>	
<p><u>Virt 7/1 / 1971.</u></p>	
<p>Þar eru nú 2. herbergi, eldhús, sturta, málað, dúklagt einangrun úr vikri.</p>	
<p>A: L. 9.5 m., br. 3.8 m., h. 2.9 m., skáþal. = 105 m<sup>3</sup>.....Kr</p>	378.000.-
<p>B: L. 3.1 m., br. 1.4 m., h. 2.4 m., skáþak. = 10 m<sup>3</sup>.....Kr</p>	10.000.-
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ,.1.....kr</p>	388.000.-

Gata og númer:

Freyjugata 4.

Möt framkvæmd: 21/2/1934.	Metið kr.
<p>a. íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki úr borðasúð, með pappa á milli. Í því eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt þiljað, lagt striga og veggjapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Allt með sama frágangi og er á aðalþæðinni. Auk þessa eru í kjallaranum 2 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.0 m. ris 0.9 m. kjh. 2.5 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.294.-
<p>b. íbúðarskúr, byggður á sömu lóð, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsi þessu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., geymsluskápur og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í og þiljum innan á. Skilveggir eru úr timbri og þiljur neðan á loftbitum. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Timburgólf er í húsinu og steinsteypugólf þar yfir.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 4.4 m. h. 3.0 m. skápak.</p>	
Skúrin er virtur ásamt tilheyrandi á.....	4.720.-
<p>c. Geymsluskúr er við húsið byggður eins og það. Þar er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð: L. 3.0 m. br. 2.1 m. h. 2.8 m. skápak.</p>	
Skúrin er virtur á.....	360.-

Samtals

16.374.-

Gata og númer:

Freyjugata 5.

Möt framkvæmd: (1/3/1943.) 26/11/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með porti og risi og 2 kvistum, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en gólf neðri hæðarinnar og flestir skilveggir eru úr venjulegri steypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum, allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Á neðstu hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi, v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, anddyri og 3 gangar. Á efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðklefi, v.s., og gangur á hvorri hæð. Stigi er úr tré.</p> <p>Stærð: L. 10.4 m. br. 9.5 m. h. 6.7 m. ris 4.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>139.300.-</p>
<p>B. Virt 26/11/1946.</p>	
<p>Bílskúr úr vikurholsteini fyrir 2 bíla, slétthúðaður utan og múrhúðaður innan með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Í bráðina er geymsla í öðrum enda hans.</p> <p>Stærð: L 7.0 m. br. 7.0 m. mh. 2.4 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....krónur</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur</p>	<p>17.600.-</p> <p>139.300.-</p> <p><u>Samtals krónur 156.900.-</u></p>



Gata og númer:

Freyjugata 6.

Möt framkvæmd: (21/12/1931.) (24/11/1947.) 20/12/1949	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús og verslunar, tvílyft á suðurhlíð en einlyft götu megin með kvisti er tekur yfir c. 2/3 af lengd hússins. Efri hæðin er úr binding klædd utan borðum, pappa, listum og járn. Neðri hæðin er úr steinsteypu. Pak er úr bárujárni á pappa og borðasúð. Piljað er innan á útveggi og neðan á loftbita. Skilveggir eru allir úr timbri og allt er húsið strigalagt, veggfóðrað eða málað. Á neðri hæðinni eru sölubúð með borðum, skápum og skúffum, 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Á efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur.</p>	
<p>Stærð: L. 7.4 m. br. 8.8 m. h. 4.6 m. ris 2.0 m.</p>	
<p>Viðbygging úr steinsteypu, með járnþaki á listum, pappa og borðasúð. Húsið er einlyft, með kvisti, porti, risi og kjallara undir því. Í húsinu eru 1 og 1/2 loft úr járnþaki steinsteypu, en gólf kjallara 1/2 hússins og skilveggir aðalherðarinnar eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum herðarinnar eru biljur, vírlagðar og múrsléttar, en þaklyftið er allt þiljað innan, strigalagt og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Stigar eru úr timbri og húsið er múrsléttuð utan.</p>	
<p>Stærð: L. 6.0 m. br. 10.0 m. h. 3.5 m. ris 2.5 m.</p>	
<p>Kj.st. L. 6.0 m. br. 5.0 m. h. 1.9 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er byggður við gamla húsið úr steinsteypu með járnþaki.</p>	
<p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skáþak.</p>	
<p>Húsið, ásamt viðbyggingu og inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	33.830.-
<p>b. Íbúðarskúr, áður geymsluskúr, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Íbúðarherbergin eru með venjulegum frágangi.</p>	
<p>Stærð: L. 12.1 m. br. 4.0 m. h. 2.6 m. skáþak.</p>	
<p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	4.585.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	38.415.-
<p>=====</p>	
<p>Húsið er nokkuð breytt frá síðasta mati 21. des. 1931 að innréttingu og notkun. Á neðri hæðinni eru nú 5 herbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., eitt herbergi er notað fyrir rafmagnsverkstæði. Á þakhæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. með handlaug, allt veggfóðrað og málað. Hitaveita er að nokkru leyti í húsinu, en kolaofnar að nokkru.</p> <p>A. Íbúðarhús m/Rafmagnsverkstæði : L 7.4 m., br. 8.8 m., ris 2.0 m., h. 4.6 m.  " viðbygging : L 6.0 m., br.10.0 m., ris 2.5 m., h. 3.5 m.</p>	

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr
A. Kjallari : L 6.0 m., br. 5.0 m., h. 1.9 m.	
" Inngönguskúr : L 2.5 m., br. 2.5 m., h. 2.8 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	191.700.-
B. Trésmiðaskúr með þvottahúsi og geymslu, er áður var íbúðarskúr.	
Stærð skúrsins: L 12.1 m. br. 4.0 m., h. 2.6 m., skáþak.	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	20.200.-
	<hr/>
Samtals...	211.900.-
	=====
Virt 20/12/1949.	
Húsið er breytt frá síðasta mati 24. nóvember 1947 að því leyti að á neðri hæð, þar sem áður var rafmagnsverzlun, er nú eldhús og baðherbergi m/keri og v.s. svo að nú eru 2 af hvoru. Öll herbergin í gamla húsinu eru nú múrhúðuð í hólf og gólf og með steiptum gólfum, nema 1 herbergi er óbreytt að innan; allt er nú málað og dúklegt. Á þakhæðinni hefir verið reistur veggur úr víbrósteini, múrhúðaður utan, þar sem áður var súðarpartur. Þar eru 5 íbúðarherbergi og eldhús og baðker m/v.s. hefir verið sett þar í klefa. 2 herbergin eru múrhúðuð og allt málað og dúklegt. Trésmiðaskúrin hefir verið tekinn undir glerblástur og eitthvað breytt í samræmi við það. Þó er þar enn þvottahús, 2 geymslur og v.s. Skúrin er ekki virtur nú.	
A. Íbúðarhús : L 7.0 m. br. 8.5 m. h. 5.3 m. ris 0.7 m.	
" Viðbygging : L 6.0 m. br. 10.0 m. h. 3.5 m. ris 2.5 m.	
" Inngönguskúr: L 2.5 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skáþak.	
" Kjallari : L 6.0 m. br. 5.7 m. h. 2.0 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á krónur	233.200.- ✓
B. <u>Virt 24/11/1947.</u>	
Trésmiðaskúr, ásamt þvottahúsi og geymslu var virtur 24/11/1947 á krónur	20.200.00
Samtals krónur	253.400.00

Gata og númer:

Freyjugata 7.

Möt framkvæmd: 21/9/1932.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallan, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Á aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað og íbúðarherbergin með pappa á veggjum og striga og pappír á loftum, allt málað. Uppi á lofti eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, með sama frágangi eins og niðri. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar eru geymsluherbergi og v.s.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.8 m. ris 3.2m. kjh. 1.6 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, úr steinsteypu á 3 vegu. Þak er úr pappalagðri borðasúð, með járn yfir. Að innan er skúrinn allur þiljaður og málaður. Í honum er trésti.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 5.3 m. skápak, kjh. 1.6 m.</p> <p>Viðbygging er við austurgöfl hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Skilveggir og loft og gólf eru úr steinsteypu. Í viðbyggingunni er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Viðbyggingin er múrsléttuð að utan.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 9.0 m. h. 2.7 m. ris 1.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi og inngönguskúr.....</p>	<p>16.105.-&lt;</p>

Gata og númer:

Freyjugata 8.

Möt framkvæmd: (21/11/1927.) 6/2/1948.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, einlyft, úr binding, klætt utan borðum og pappa og jární, á þaki og veggjum. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og málað. Á þaklyfti er gólf á bitalögum. Þar er geymsla. Stærð: L. 6.9 m. br. 4.0 m. h. 3.0 m. ris 1.9 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	4.880.-
b. Íbúðarskúr við vesturhlíð hússins, áfastur við það, er byggður úr binding með pappalagi í, þiljaður utan með borðum, pappalagður og járnvarinn bæði veggir og þak. Þar er 1 íbúðarherbergi þiljað innan á binding og neðan á loftbita og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Stærð: L. 3.8 m. br. 3.0 m. h. 2.9 m. skáþak. Skúrinn er virtur á.....	1.155.-
c. Vinnuhús er á sömu lóð, úr steinsteypu og holsteini og með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Steinsteypuskilveggur skiftir húsinu í 2 herbergi, sem bæði eru þiljuð innan og neðan á loftbita, með plægðum panelborðum. Í húsinu er timburgólf og allt er það sementssléttuð utan. Stærð: L. 7.6 m. br. 4.0 m. h. 2.7 m. skáþak. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	3.165.-
d. Geymsluskúr, úr binding, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á langböndum. Stærð: L. 3.3 m. br. 1.7 m. h. 2.0 m. Húsið er virt á.....	330.-
	Samtals 9.530.-
=====	
6/2/1948.	
Húsið er breytt frá síðasta mati 21. nóv. 1927, að því leyti, að ný viðbygging úr timbri, járnklædd, hefir verið byggð við íbúðarskúrinn, áframhald af honum, svo að hún og skúrinn ná nú meðfram allri íbúðarhússhliðinni, í íbúðarhúsinu, viðbyggingunni nýja og íbúðarskúrnum eru nú til samans 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s. og inngangur, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Vinnuskúrinn er óbreyttur.	
A. Íbúðarhús : L 6.9 m., br. 3.8 m., h. 2.8 m., ris 1.5 m. " Viðbygging: L 6.9 m., br. 2.9 m., h. 3.0 m., skáþak. Húsið, ásamt viðbyggingu, skúr og tilheyrandi, er virt á.....	37.000.-
B. Vinnuskúr : L 7.6 m., br. 4.0 m., h. 2.7 m. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	12.300.-
	Samtals 49.300.-

Möt framkvæmd: ( 1/12/1941. ) 28/8/1947.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Það er með kvisti og risi. Í húsinu er 1 loft úr járnþentri steinsteypu. Skilveggir eru flestir úr steinsteypu, en nokkrir úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Gólf neðri hæðarinnar eru úr steinsteypu og timburgólf þar yfir. 1 gólf er í húsinu úr gólfborðum á bitalögum, í því er milligólf og þiljað neðan á loftbitana. Innan á útveggjum hússins er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Steinsteypuveggir og loft er allt múrsléttað, en timburklæðningar allar lagðar striga og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan að undanteknu þurkloftinu. Á neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur. Á þaklyfti er 1 íbúðarherbergi, baðherbergi, geymsluherbergi og þurkloft. Stigar eru úr timbri og húsið er sementssléttað að utan.</p> <p>Stærð: L. 10.4 m. br. 7.5 m. h. 5.8 m. ris 3.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum eru 2 v.s. og stigagangar.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 2.7 m. h. 7.7 m. ris 1.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>60.900.-</p>
<p>b. Trésmíðahús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappalagðri borðasúð. Þar er steinsteypugólf. Skilveggur úr timbri er í húsinu og er geymsluherbergi í öðrum enda þess, en að öðru leyti er þar trésmíðavinnustofa, með 3 hefilbekkjum.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 4.0 m. h. 2.4 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>5.150.-</p>
<p>c. Geymsluskúr, byggður áfastur við litra b, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er geymsluherbergi og þvottaherbergi. Steinsteypugólf er í öllu húsin og skilveggir úr sama efni.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 4.0 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur ásamt tilheyrandi á.....</p>	<p>2.150.-</p>
<p>Samtals 68.200.-</p>	
<p>Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 1. des. 1941.</p> <p>Smiðjuhúsið steipt í binding.</p> <p>A. Íbúðarhús : L 10.4 m., br. 7.5 m., h. 5.8 m., ris 3.2 m.</p> <p>Inngangur : L 3.3 m., br. 2.7 m., h. 7.7 m., ris 1.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngangi og tilheyrandi, er virt á..... 182.300.-</p>	

frh.

Gata og númer:

Freyjugata 9.

Möt framkvæmd:	31/1/1962.	Metið kr
B.	Smiðjuhús : L 9.4 m., br. 4.0 m., h. 2.4 m., skáþak. Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	12.600.-
C.	Þvottahúsgeymsla: L 4.0 m., br. 4.0 m., h. 2.2 m., skáþak. Hús þetta, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	4.200.-
	Samtals.....	199.100.-
<hr/>		
Virt 31/1. 1962.		
<p>Frá síðasta mati, 28/8 1947, hefur verið byggt ofan á húsið og er það nú 2 hæðir, þakhæð og kjallari, byggt úr steinsteypu, nýi hlutinn einangraður með plasti, slétthúðað og málað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er hitaveita.</p> <p>1. hæð er óbreytt frá síðasta mati.</p> <p>2. hæð er ný hæð, þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, forstofa og stigahús. Allt málað og dúklagt, nema stofugangur er með máluðu gólfi. Tvöfalt gler. Hurðir eru úr teak.</p> <p>Þakhæð er ný, þar eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, forstofa og stigahús, 1 geymsla. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr teak. Hæðin er inndregin og eru svalir meðfram allri hlið hússins.</p> <p>Kjallari er óbreyttur frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 10.4 m., br. 7.5 m., h. 8.3 m.</p> <p>Inng.: " 3,3 " " 2.7 " " 8.3 " = 912.2 m<sup>3</sup>.</p> <p>B. og C. liðir eru óbreyttir.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er virt á ..... kr.</p>		
		1.095.000.-

Gata og númer:

Freyjugata 10.

Möt framkvæmd: 1/6/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Á neðri hæð þess eru 4 íbúðarherbergi, geymsluklefi, v.s., eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Milligólf er í bitalögum og stoppað með sagspónum á milli gólfa. Skilveggir eru úr binding með tvöföldum panelþiljum. Panel er neðan á loftbitum. Allt lagt striga og pappír og málað. Á efri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. Allt með samskonar frágangi og á neðri hæðinni. Á þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi og framloft. Allt þiljað.</p> <p>Stærð: L. 11.2 m. br. 8.4 m. h. 6.0 m. ris 2.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>113.580.-</p>
<p><u>Virt:24/10.1981.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurmetið til hækkunar, stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða 696 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	<p>904.800.-</p>

Gata og númer:

Freyjugata 10 a.

Möt framkvæmd: (1/4/1942.) (13/4/1946.) 28/2/1949.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Á neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er pappi í borðagrind og panelþiljur þar innan á. Skilveggir eru úr timbri og þiljað er neðan á loftbita. Allir veggir og loft eru lagðir striga og véla-pappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á efri hæðinni er samskonar herbergjaskipun og frágangur allur eins og á þeirri neðri. Á þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi og gangur. Allt með sama frágangi sem er á aðalheðunum.</p> <p>Starð: L. 7.8 m. br. 8.5 m. h. 5.6 m. ris 2.6 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 stigagangar og allur er skúrinn sementssléttaður innan.</p> <p>Starð: L. 2.1 m. br. 1.6 m. h. 7.8 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt innögnuskúr og tilheyrandi er virt á.....</p>	<p>44.580.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati, 1/4/1942.</p> <p>Starð: L. 7.8 m. br. 8.5 m. h. 5.6 m. ris 2.6 m. Skósmíðastofa.</p> <p>" inngönguskúrs: L. 2.1 m. br. 1.6 m. h. 7.8 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>86.800.-</p>
<p>Virt 28/2/1949.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 13. apríl 1946 að ytra formi en í það hefur verið sett hitaveitulögn, þiljað í sundur herbergi á efri hæð og gert þar kerbaðherbergi, v.s. og innri forstofa. Í eldhúsi efri hæðar hafa verið smíðaðir nýir skápar og öll hæðin máluð og veggfóðruð.</p> <p>Íbúðarhús: L 7.8 m. br. 8.5 m. h. 5.6 m. ris 2.6 m.</p> <p>Inngskúr : L 2.1 m. br. 1.6 m. h. 7.8 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>krónur 135.400.- ✓</p>



Gata og númer:

Freyjugata 11.

Möt framkvæmd: 21/12/1928.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarnús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Eftir húsinu endilöngu er steinsteypuskilveggur og 1 þverskilveggur innan húss er úr sama. Steinsteypugólf er í því og timburgólf þar yfir, í viðbótarbyggingunni er loft úr járnþentri steinsteypu. Í húsinu eru 4 íbúðarnerbergi, eldhús, sölubúð, með venjulegri búðarinnréttingu og anddyri. Á þaklyfti er geymsla. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Nokkrir skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Þiljur allar eru lagðar striga og vélapappír og allt húsið er ýmist veggfóðrað eða málað. Allt er húsið sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 10.4 m. br. 9.2 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>17.947.-</p>
<p>Virt 24/8 1977.</p> <p>Ýmsar breytingar frá síðasta mati.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar 344 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr. 8.600.000</p>	<p>8.600.000</p>

Gata og númer:

Freyjugata 11a.

Möt framkvæmd: 10/3/1927.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu á 3 vegu, en austurgafi er úr bindingi, með járnlæðningu, og með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og trésmíðaherbergi. Innan á útveggjum er borðagrind, með tvöföldum pappalögum í og þiljum innan á. Skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Þiljað er og neðan á loftbita. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í öllu húsinu.

Stærð: L. 9.3 m. br. 4.8 m. h. 3.1 m. skáþak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

6065.-

Gata og númer: Baldursgata 30 / Freyjugata 14

Möt framkvæmd: 31/12/1964	Metið kr.
<p>Nýtt hús, notað sem félagsheimili, prentsmiðja og skrifstofur. 4 hæðir, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað og málað að utan, þakið er timbur, pappi og bárujárn. Upphitun er hitaveita.</p> <p>1. hæð: <del>XXXX</del> Álman með fram Freyjugötu, þar er prentsmiðja, bókaverzlun og skrifstofur. Snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Allt málað og dúkklagt og öll skilrúm úr timbri. Í gluggum er tvöfalt gler og hurðir málaðar.</p> <p>2. hæð: Þar er bókaútgáfa, skrifstofur, snyrtiherbergi m/tilheyrandi, geymsla fyrir vörur, gangur og 1 svalir. Í gluggum er tvöfalt gler og hurðir málaðar.</p> <p>3. hæð: Þar er samkomusalur, snyrtiherbergi m/v.s., handlaug, bað. Fatahengi. Í gluggum er tvöfalt gler, hurðir eru úr harðviði og á gólfum er parkett, veggir eru málaðir.</p> <p>Þakhæð: Þar er setustofa, skrifstofa, eldhús, snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Fatahengi. Parkett er á gólfum, veggir málaðir, og í gluggum er tvöfalt gler. Harðviður er í hurðum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 18.5 m., br. 8.85 m., h. 10.6 m.,</p> <p>L. 6.4 m., br. 2.70 m., h. 10.6 m. = 1.919.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 2.687.000. -</p>	

Gata og númer:

Freyjugata 15.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.

Metið kr.

Verzlunar- og íbúðarhús, brílyft, með risi, úr steinsteypu, með járnbaki á pappa og borðasúð. Í því eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en gólf neðri hæðar og skilveggir eru úr venjulegri steypu, allt múrað innan. Á neðri hæð eru, sölubúð, mjólkurbúð, máluð innan, miðstöðvarklefi, geymsluklefi og gangur. Á efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 2 gangar. Hér er þiljað innan á alla útveggi, þiljurnar strigalagðar og öll hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Á 3. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s. Allt er múrsléttað á vír og olíumálað. Stigi er úr tré. Stærð: L. 9.0 m. br. 8.7 m. h. 8.8 m. ris 1.5 m.

Inngönguskúr er við austurgafli hússins, úr steinsteypu, með járnbaki á súð. Þar er stigagangur. Stigar eru úr timbri.

Stærð: L. 1.9 m. br. 5.5 m. h. 7.0 m. ris 2.5 m.

Viðbygging er við aðalhúsið, brílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með baki úr borðasúð, pappa og bárujárn. Í viðbyggingunni eru 4 loft úr járnbentri steinsteypu, kjallaragólf er úr venjulegri steypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum. Skilveggir eru allir úr bindingi, með tvöföldum þiljum vírlögðum og allir veggir og loft eru múrsléttað og allar aðalhæðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan.

Á neðstu hæðinni er fyrirhuguð sölubúð, með 2 vörusýningargluggum, sem nú er skift í 2 íbúðarherbergi og opin gang í gegnum húsið. Á miðhæðinni, og efstu hæðinni er sama herbergjaskipun. Á hvorri hæðinni fyrir sig eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og gangur. Í kjallarahæðinni eru miðstöðvarherbergi, þvottahús, 5 geymsluklefar og gangur.

Stærð: L. 8.5 m. br. 5.5 m. h. 8.7 m. ris 1.5 m. kjst. 8.5 m. br. 6.8 m. h. 2.0

Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

134.630.-

Gata og númer:

Freyjugata 16.

Möt framkvæmd: 1/9/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Stór kvistur er á suðurhlíð hússins. Á aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr og anddyri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á baklyfti eru 2 íbúðarherbergi og gangur, með samskonar frágangi eins og er á aðalhæðinni.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.6 m. h. 3.6 m. ris 3.1 m.</p> <p>Viðbygging, úr hlöðnum holsteini, vikurklæddum að innan. Þak er úr borðasúð, pappalistum og járni. 1 stofa er í viðbyggingunni múrsléttuð og máluð innan.</p> <p>Stærð: L. 5.2 m. br. 4.6 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	53.020.-
<p>b. Geymsluskúr er úr tré, járnvarinn.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 1.6 m. h. 2.1 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	780.-
<p>Samtals</p> <p>=====</p>	53.800.-

Gata og númer: Freyjugata.

Möt framkvæmd: Litra a., 8/10/1923, litra b. 1/9/1943.	Metið kr.
<p>a. Spennistöð, úr steinsteypu, með topprisi og þaki úr borðasúð, pappa og bakhellu. Steinsteypugólf er í spennistöðinni og er hún múrhúðuð utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 3.9 m. br. 3.9 m. h. 4.2 m. ris 1.0 m.</p> <p>Stöðin er virt á.....</p>	2.917.-
<p>b. Spennistöð, byggð að öllu leyti eins og litra a.</p> <p>Stærð: L. 3.9 m. br. 3.9 m. h. 4.2 m. ris 1.7 m.</p> <p>Stöðin er virt á.....</p>	11.700.-
Santals	14.617.-
=====	

Gata og númer:

Freyjugata 17.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, neðri hæðin, en sú efri úr holsteini. Þak er úr borðasúð, pappa og járni. Á neðri hæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og gangur. Gólf og langskilveggur er úr steinsteypu. Innan á útveggjum eru þiljur á borðagrind, með pappa í. Þverskilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Á efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi og er á aðalhæð hússins. Milli-gólf er í bitalögum og húsið er allt sementssléttað utan. Á baklyfti er baðherbergi, 2 geymsluherbergi og 2 geymsluskápar. Annað herbergjann er þiljað innan og baðherbergið.

Stærð: L. 7.4 m. br. 7.5 m. h. 5.2 m. ris 3.0 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og bað. Þar er inngangur á neðri hæðinna og geymsla. Upp við skúrinn að sunnan eru byggðar úr steinsteypu útidyratröppur til efri hæðarinnar. Allt sementssléttað utan og innan.

Stærð: L. 1.3 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. steinsteypubak flatt.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

63.260.-

Gata og númer:

Freyjugata 17a.

Möt framkvæmd: 21/12/1926.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í húsinu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, fataskápur og gangur. 1 skilveggur er úr steinsteypu, en hinir aðrir úr binding, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig innan á útveggi og neðan á loftbita. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallar er undir 1/2 húsinu, með steinsteypugólfi. Þar er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og geymsluherbergi. Skilveggir eru ýmist úr steinsteypu eða timbri.

Stærð: L. 15.5 m. br. 4.7 m. h. 3.0 m. skáþak.

Kj.st. L. 7.7 m. br. 4.7 m. h. 1.8 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

14.127.-



Gata og númer:

Freyjugata 24.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu. með þaki úr borðasúð, pappa og járn. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir úr venjulegri steypu. Á neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappaír. Steinsteypuloft og skilveggir eru múrsléttuð og öll hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipum og frágangur allur eins og er á neðri hæðinni. Á þaklyfti er þurkloft. Í kjallaranum (er frágangur ófullkominn.) þar eru 2 geymsluherbergi, trésmíðastofa og þvottaherbergi.

Sterð: L. 8.8 m. br. 8.8 m. h. 5.6 m. ris 2.9 m. kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

100.820.-/

Gata og númer:

FREYJUGATA 25

Möt framkvæmd: (1/10/1941) (15/1/1946) 30/10/1956.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með jarnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Á neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v. a. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Langskilveggur er í húsinu úr steinsteypu, kalksléttaður beggja megin. Aðrir skilveggir eru úr timbri. Neðan á loftbita er þiljað með panel. Allar þiljur eru striga og pappírslagðar. Allt ýmist málað eða veggfóðrað. Þar er steinsteypugólf með timburgólfi þar yfir. Á efri hæðinni er sama herbergja-skipun og frágangur allur eins og á neðri hæðinni.</p> <p>Stærð : L. 8.1 m. Br. 7.6 m. H. 5.6 m. Ris 1.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður við norðurhlið hússins. Hann er byggður eins og það. Kalksléttaður innan.</p> <p>Stærð : L. 3.0 m. Br. 2.5 m. H. 5.3 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á . . . . . kr. 38.125.-</p> <p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með jarnþaki á pappa og borðasúð. Þar eru 2 geymsluklefar.</p> <p>Stærð : L. 7.4 m. Br. 2.4 m. H. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á . . . . . kr. 1.575.-</p> <p style="text-align: right;">Kr. 39.700.-</p>	
<p><u>Virt 15/1/1946.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurbætt allmikið frá síðasta mati 1/10/1941, strigalagt, veggfóðrað og málað, gólf dúklögð, sett í það steypibaðtæki. Þar er nú saumastofa.</p> <p>a. Íbúðarhús: L. 8.1 m. Br. 7.6 m. H. 5.6 m. Ris 1.5 m.</p> <p>" Inngöngusk. :L. 3.0 m. Br. 2.5 m. H. 5.3 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á . . . . . kr. 120.900.-</p> <p>b. Geymsluskúr: L. 7.4 m. Br. 2.4 m. H. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á . . . . . " 3.000.-</p> <p style="text-align: right;">Kr. 123.900.-</p>	
<p><u>Virt 30/10 1956.</u></p> <p>Húsið er hækkað um eina hæð og ris, byggt úr steinsteypu, vikurklætt innan, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, bárujárnslæddu og tveimur gluggakvistum.</p> <p>A. Fyrsta og önnur hæð eru óbreyttar. Á þriðju hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og innri forstofa. Innb. skápar. Allt málað og dúklagt. Harðviðarhurðir. Í þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og gangur. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru venjulegar. Upphátun : hitaveita.</p> <p>B. Geymslan er óbreytt.</p> <p>Stærðir hússins A: L. 8.1 m. Br. 10.0 m. H. 8.1 m. Ris 3.7 m. = 810.00 m<sup>3</sup></p> <p>" " B: L. 7.4 m. Br. 2.4 m. H. 2.5 m. Ris skáþak. = 44.40 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . A. kr. 599.400.-</p> <p style="text-align: right;">B. " 11.100.-</p> <p style="text-align: right;">Alls kr. 610.500.-</p>	

Gata og númer:

Freyjugata 25 a.

Möt framkvæmd: 1/5/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Á aðal- hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluskápur og gangur, neðan á loft- bitum. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi og er á aðalhæðinni. Kjallari, með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Sami frágangur er í kjall- aranum eins og er á hæðunum. Húsið er allt sementssléttað utan. L. 7.5 m. br. 6.3 m. meðalh. 4.6 m. meðairis 2.5 m. kjh. 2.5 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	72.230.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á súð. Steinsteypugólf er í skúrnum og skilveggir eru úr tré. Þar eru 2 geymsluherbergi og þvottahús. Stærð: L. 3.2 m. br. 3.2 m. h. 2.9 m. skáþak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	2.100.-
Samtals	74.330.-

Gata og númer:

Freyjugata 25 b.

Möt frakkvæmd: (1/3/1942.) 22/5/1947.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi af 2/3 af lengd þess, klætt utan borðum og pappa en 1/3 lengdarinnar er úr steinsteypu. Þak er úr plögðri borðasúð, með pappa yfir. Á aðalherðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús og gangur. Allt þiljað innan og neðan á loftbita og ýmist veggfóðrað eða málað. Undir öllu húsinu er kjallari. Í honum eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús, geymsluherbergi og gangur. Skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Þiljað er líka neðan á loftbita. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í og þiljum þar innan á. Allt, nema geymsluherbergið, er lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað.

Stærð: L. 8.5 m. br. 4.7 m. h. 3.1 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 22.180.-

Eldri hluti hússins er óbreyttur frá síðasta mati 1/3/1942, en endurbættur.

Viðbygging hefir verið gerð við austurgafli þess, hlaðin úr steiptum steini, á steiptum grunni með þaki úr timbri, pappa og jární. Þar er 1 herbergi og inngangur, múrhuðað og málað með dúkum á gólfi. Hitað eins og húsið.

Íbúðarhús: L. 8.5 m. br. 4.7 m. h. 3.1 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.

Viðbygging: L. 4.3 m. br. 2.6 m. h. 2.5 m. skápak.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 71.000.-

Gata og númer:

Freyjugata 25 c.

Möt framkvæmd: 21/11/1927.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa, listum á borðasúð. Á neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og anddyri. 2 loft hússins eru úr járnþentri steinsteypu og allir skilveggir þess og einnig gólf neðri hæðarinnar eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og pappír, allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Til þessarar hæðar heyrir einnig opinn gangur í gegnum húsið. Á efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með samskonar frágangi, og er á neðri hæðinni. Þaklyfti er ósundurhólfað, notað til þvotta-þurkunar og geymslu. Stigar eru úr steinsteypu og húsið er sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 7.6 m. h. 5.3 m. ris 2.7 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	21.640.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járn, í skúrnum er þvottaherbergi og 3 geymsluherbergi. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Húsið er sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 12.5 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. skáþak.</p>	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	4.072.-
Samtals	25.712.-<

Gata og númer:

Freyjugata 26.

Möt framkvæmd: 1/12/1942.

Metið kr.

Íbúðar- og verzlunarhús, tvílyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþenti steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr vengulegri steypu. Allt sementssléttað. Á neðri hæðinni eru sölubúð, með skápum, borðum og skúffum, herbergi, sem gjöra skal að sölubúð síðar meir, 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Á efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/v.s. og handlaugarskálum, anddyri og 2 gangar. Á tvílyfti eru engin herbergi. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í listum og þiljum þar innan á. Sumsstaðar eru þiljur þessar lagðar vírneti og múrsléttað þar á, eða þær eru lagðar striga og vélapappír, en allt er ýmist veggfóðrað eða málað. Á neðri hæðinni eru auk áður nefndra herbergja 1 geymsluherbergi, í kjallaranum eru efnagerðarherbergi, þvottaherbergi, v.s., 2 geymsluherbergi og 2 gangar. Stigar hússins eru úr timbri og allt er húsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 15.1 m. br. 8.1 m. h. 5.6 m. ris 3.2 m. kjh. 1.9 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

160.780.-

Möt framkvæmd: 20/5/1960.	Metið kr.
<p>Nýtt verzlunar- og skrifstofuhús, fjórar hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, húðað marmara utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð eru 2 verzlunir, 2 v. s. m/handlaugum, skrifstofuherbergi, 1 kæliklefi, gangur og stigahús, Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr eik og tvöfalt gler er í gluggum. Undirgangur.</p> <p>Á 2. hæð er fundarsalur, skrifstofuherbergi, eldhús, 2 v. s. m/handlaugum, gangur og stigahús. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr eik og tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>Á 3. hæð eru 7 skrifstofuherbergi, 2 v. s. m/handlaugum, stigahús og gangur. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr eik og tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>Á 4. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, forstofa, gangur og stigahús. Auk þess er á hæðinni bókasafnsherbergi og v. s. með handlaug. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>Í kjallara eru 6 geymslur, kyndiklefi m/hitaveituupphitun, gangur, stigahús og v. s. m/handlaug. Allt grunnmálað.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.70 m., br. 7.0 m., h. 10.75 m., ris 0.5 m., kj. 2.15 m.</p> <p>" 10.00 " " 5.7 " " 10.75 " " 0.5 " " 2.15 " = 2.102.65 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr.</p>	<p>2.312.900.-</p>

Gata og númer:

Freyjugata 27 a.

Möt framkvæmd: 21/9/1929.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Á neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Skilveggir eru allir úr binding með tvöföldum þiljum. Þiljað er og neðan á loftbita. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á efri hæðinni er samskonar herbergjaskipun og frágangur allur eins og á þeirri neðri.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 7.0 m. h. 6.1 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	14.556.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar eru 2 geymsluherbergi og þvottaherbergi. Gólf og skilveggur er í skúrnum úr steinsteypu. Annar skilveggur er úr timbri. Þvottahúsið er allt múrslétt-að innan. Skúrinn er sementssléttaður utan.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 3.6 m. h. 2.4 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	2.050.-
Samtals	16.606.-



Möt framkvæmd: 1/7/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með 2 kvistum, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og steinhellur. Í húsinu eru 2 loft heil og loft yfir kvistunum á rishæðinni úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir, nema 2 skilveggjabútar á rishæðinni eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er 2" timburgrind, með 2 pappalögum í og listum á milli, allt virlagt og múrsléttað. Þiljað er með panelborðum innan á allar þaksperrur, allt til mænis og millibil í öllum sperrum og sagspónastopp á milli þiljanna. Í herbergjum rishæðar er súðin múrsléttuð á vír, en skilveggjabútar, þar sem áður umgetur eru strigalagðir. Á skambitalofti er timburgólf á bitalögum, þar sem ekii er steinsteypugólf. Súðarpanell þar uppi er oliuborinn, nema í íbúðarherbergi, þar er strigalagt veggfóðrað og málað. Á hvorri hæðinni fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., baðherbergi, anddyri og gangur. Á skambitalofti eru 2 íbúðarherbergi og þurkloft. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., 3 geymsluklefar, þvottahús, miðstöðvarherbergi og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við vesturgafli hússins og yfir þeim er veggpallur, með steinsteypuhandriði umhverfis. Undir tröppunum er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Stigar eru úr timbri. Húsið er múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 12.0 m. br. 10.0 m. h. 4.2 m. ris 5.0 m. kjh. 2.5 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	87.920.-
<p>b. Bifreiðaskúr er byggður á sömu lóð, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í skúrnum er geymsluklefi, þiljaður innan með óþlögðum borðum, og bifreiðageymsla, þiljuð innan með panel, veggir og þak. Skilveggur er úr timbri, en gólf úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 3.4 m. h. 2.7 m. skáþak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	2.656.-
	<p style="text-align: right;">Samtals 90.576.-</p> <hr style="border-top: 1px dashed black;"/>

Gata og númer:

Freyjugata 30.

Möt framkvæmd: 21/5/1932.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með porti, 2 kvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með baki úr borðasúð, pappa, listum og járn. Í húsinu eru 3 loft úr járn-bentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir hans og aðalhæðanna eru úr venulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og biljum þar innan á. Skilveggir rishæðarinnar eru úr bindingi með tvöföldum biljum og biljað er einnig neðan á skambbita og innan á þaksperrur. Allar biljur eru virlagðar og allar 3 hæðir hússins eru múrsléttaðar innan og málaðar. Á stigum og þöllum eru gúmmíúkar. Á hvorri aðalhæðinni fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Á rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Á rishæð eru 4 íbúðarherbergi og gangur. Á súð eru sellotexplötur, en skilveggir úr bindingi, með tvöföldum biljum, strigalagt, veggfóðrað og málað, og dúkar eru á gólfum. Í kjallaranum er smíðaherbergi, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, þvotta- og þurkherbergi og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann. Stigar eru úr steinsteypu, nema skambitaloftstigi, sem er úr timbri. Húsið er allt múrsléttað utan.</p>	
Stærð: L. 10.0 m. br. 10.0 m. h. 6.5 m. ris 4.7 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	57.120.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki úr pappa og borðasúð.	
Stærð: L. 5.4 m. br. 7.2 m. h. 2.4 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.395.-
Samtals	58.515.-

Gata og númer:

Freyjugata 32.

Möt framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með baki úr bárujárni, pappa, listum og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járn-bentri steinsteypu, en kjallaragólf og allir skilveggir nema baklyftis eru úr steinsteypu, allt múrsléttað innan. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og biljum, vírlögðum þar innan á. Múrsléttað. Á riðæðinni eru skilveggir úr bindingi, með tvöföldum biljum. Biljur eru einnig innan á baksperrum og neðan á skambitum. Íbúðarherbergin eru öll strigalögð og yfir höfuð eru allar íbúðir hússins ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Á hvorri hæð-inni fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Á riðæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, gangur og þurkloft. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., miðstöðvarherbergi, þvottahús, 2 geymsluherbergi, 2 gangar og anddyri. Útskót er á suðurhlíð hússins og yfir því þakpallur. Stigar eru úr timbri.</p>	
Stærð: L. 12.0m. meðalbr. 11.3 m. h. 5.5 m. ris 4.1 m. kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	180.080.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð.	
Stærð: L. 6.4 m. br. 6.4 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	5.150.-
Santals	185.230.-

Möt framkvæmd: ( 1/4/1942. ) 12/3/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með baki úr bárujárni á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og biljum þar innan á, lögðum vélapappír, allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Á neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/v.s., gangur og anddyri. Á efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. anddyri og gangur. Á rishæð eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., gangur og anddyri. Á skambitum er gólf. Þar uppi eru þurkloft. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, gangur, 4 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi þvottahús og kolaklefi. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluklefi og gangur inn í kjallarann. 2 veggpallar er á húsinu. Stigar þess eru úr timbri.</p>	
Stærð: L. 12.0 m. br. 9.4 m. h. 6.4 m. ris 4.3 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	132.540.-
<p>b. Íbúðarskúr, byggður við austurgafli íbúðarhússins, úr steinsteypu. Þak er úr járnbentri steinsteypu með vikursteypu þar yfir. Allt múrhúðað utan. Skúrinn er allur þiljaður innan á borðagrind, með pappalagi í, vírlagður og múrsléttður. Trégólf er yfir steinsteypugólfinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi með venjulegum frágangi. Skúrinn er allur múrsléttður utan.</p>	
Stærð: Meðallengd 5.1 m. br. 3.4 m. h. 2.5 m. skábak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	6.355.-
Samtals	138.895.-
=====	=====
<p>a. Eldra húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. apríl 1942, en viðhald ágatt.</p>	
Stærð: L. 12.0 m. br. 9.4 m. h. 6.4 m. ris 4.3 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	334.800.-
<p>b. Viðbygging er við aðalhúsið, hefir verið lengd. Viðbótin er úr steinsteypu á aðra hlið og gafi, en framhliðin úr timbri, járnvarin. Þak hennar er úr borðum, pappa og járn. Innan á útveggjum er pappi á listum, panel og trétex, klætt yfir með veggjapappír. Í viðbyggingunni allri eru samtals 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s. Miðstöðvarlögn frá aðalhúsinu.</p>	
Stærð: L. 16.9 m. br. 3.4 m. h. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	34.300.-
Samtals	369.100.-
=====	=====

Gata og númer:

Freyjugata 34

Möt framkvæmd: 30/6 1954

Metið kr.

Hefir tekið þeirri breytingu frá síðasta mati 1. apríl 1942, að það hefir verið hækkað um 1.5 m., risinu breytt og það innréttað. Hækkunin er úr steinsteypu, snjókremsuð utan, vikurklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Hæðirnar þrjár og kjallari eru óbreytt að herbergja-skipun og frágangi, en á þakhæð eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherb. m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa m/fatahengi og föstum skápi, 2 stakir fastir skápar og sexfaldur fastur skápur m/yfirskápum, allt múr-húðað málað og dúklagt, enn fremur þvottaherbergi og veggsvallir. 2 kvistir og gluggakvistur eru á þakinu. - Hitaveita.

Íbúðarhúsið : L. 11.0 m. Br. 10.0 m. H. 9.7 m. ris 2.1 m. kj. 2.1 m. = 1419.00 m<sup>3</sup>

Húsið með tilheyrandi er metið á .....kr. 851.400.00

Kr. 851.400.00

Virt 15/12/1959.

Nýr bílskúr, hlaðinn úr hraunsteini, einangraður með korki og múrhúð, múrhúðaður utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.

Skúrin er ósundurhólfaður.

Stærð skúrsins:

C. L. 7.3 m., br. 3.2 m., h. 2.6 m., = 60.73m<sup>3</sup>.

Bílskúrin með tilheyrandi er metinn á .....kr. 25.500.-

Virt: 25/3 1974.

Viðbyggingin við húsið ( B.liður.) hefur verið endur metinn, tvöfalt gler hefur verið sett í glugga, einnig hefur þak og veggir verið endurbættir.

Viðbyggingin er óbreytt að stærðum frá síðasta mati.

Viðbyggingin ásamt tilheyrandi er virt á .....kr. 1.214.000.-

Gata og númer:

Freyjugata 35.

